

1874.

14. júlí.

fyrir Ísland, samkvæmt stjórnarskrá um hin sèrstaklegu málefni Íslands, 5. janúar 1874, 2. og 62. gr.;

2) að öll þau mál viðvíkjandi Íslandi, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, er heyrir undir dómsmálastjórnina og að því leyti, er snertir kirkju- og skólamál, undir kirkju- og kennslustjórnina, skuli frá 1. ágúst þ. á. lögð undir stjórnarráðið fyrir Ísland, þannig að öll sèrstakleg íslenzk málefni verði eptirleiðis afgreidd í þessu stjórnarráði, að undantekinni endurskoðun íslenzkra reikninga, sem 1. reikningastjórnardeild fjárhagsstjórnarinnar skal hafa á hendi fyrst um sinn eins og hingað til;

3) að færeysku málin, sem hingað til hafa verið afgreidd í hinni íslenzku stjórnardeild, skuli lögð undir 2. stjórnardeild dómsmálastjórnarinnar, að undanteknum færeyskum kirkju- og skólamálum, sem skulu lögð undir kirkju- og kennslustjórnina.

Í fyrirsæti ráðgjafanna, 14. dag júlím. 1874.

L. Gr. Holstein.

J. Holten.

17. júlí.

55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um stjórnartíðindi fyrir Ísland.¹

Eptir að hingað hafði borizt bréf yðar, herra landshöfðingi, dagsett 4. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum, samkvæmt þegnegum tillögum dómsmálastjórnarinnar, þóknazt 13. þ. m. allramildilegast að fallast á, að útgefin verði frá 1. ágúst þ. á. stjórnartíðindi fyrir Ísland, og að greiða megi útgjöld þau, sem með þarf til þessa á yfirstandandi ári og sem muni nema hér um bil 240 rd., úr hinum íslenzka landssjóð, þannig að upphæðum þeim, sem tilfærðar eru í 6. gr. í áætlun um tekjur og

¹) Þetta bréf er prentuð á Íslenzku í »Stjórnartíðindum fyrir Ísland«, 1874, B., bls. 1., og er þar orðað nokkuð öðruvísi, en hér.

útgjöld Íslands, sem er staðfest af konungi 31. oktbr. f. á., verði breytt samkvæmt þessu.

1874.

17. júlí.

Um leið og stjórnarráðið tilkynnir yður konungsúrskurð þenna, yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörð þær ráðstafanir, sem ennfremur er þörf á, skal þess getið, sem hér segir:

Eins og dregið er á í bréfi stjórnarráðsins, dagsettu 16. marzm. þ. á., á að gefa út tíðindi þessi í tveimur deildum, A. og B., og skal hér sèð um, að hin fyrri deildin verði gefin út í sambandi við lagatíðindin (*Lovtidende*) og verður hún eins úr gærði gjörð og þau, þannig að íslenzki textinn verður prentaður jafnhliða hinum danska texta; en þér, herra landshöfðingi, skuluð annast um, að deildin B. verði gefin út; í þá deild skal eptir því, sem þér nákvæmar ákveðið, auk konungsúrskurða og úrskurða stjórnarráðanna þess efnis, sem hingað til hefir verið látið í báðar deildir stjórnartíðindanna (*Ministerialtidende*) og „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, sem hið íslenzka bókmentafélag hingað til hefir gefið út, einnig taka þá úrskurði stjórnarinnar í landinu sjálfu, er kynnu að varða almenning og ennfremur ýmsar skýrslur, er hagsfellt þykir að birta á þenna hátt, og þá þar með hin fyrirskipuðu ágríp af reikningum opinberra stofnana, sveitafélaga og þess háttar stofnana, verðlagsskrár og fl., en útaf tillögum yðar í fyrnefndu bréfi yðar skal þess getið, að eigi skal neitt gjald heimtað fyrir að taka skýrslur í stjórnartíðindin. Að endingu skal í þessa deild taka skýrslur um landshagi á Íslandi, hér um bil á sama hátt, og gjört var í stjórnartíðindunum (*Ministerialtidende*) sbr. *Ministerialtidenden*, 1871. B., bls. 723 o. s. frv. Svo er til ætlað, að deildin B., að með töldum landshagsskýrslum þeim, er nú var getið, verði hér um bil 15 arkir á ári.

Með því báðar deildirnar eiga að vera ein heild, verður, eins og dregið er á í fyrnefndu bréfi stjórnarráðsins, að gefa út deildina B. í sama broti, með sömu rættritun og svo framarlega sem unnt er, á sama pappír, sem deildina A., sem, eins og getið var, verður eins úr gærði gjörð og lagatíðindin (*Lovtidende*), en til deildarinnar B. má ef vill að öllu eða nokkru leyti nota

1874.

17. júlí.

smærra letur og verður yfirhöfuð að við hafa meira sparnað við prentun þeirrar deildar.

Tíðindin öll skulu kauplaust send öllum yfirvöldum, landsyfirráttinum, landfógetanum, landlækninum, sýslumönnum, sveitastjórnnum, embættismönnum andlegrar stéttar og umboðsmönnum þjóðjarða á Íslandi. Að öðru leyti geta menn pantað tíðindin fyrir það kaupverð, sem þér hafið stungið uppá, sem er 80 sk. (1 krónu 66 aurar) um árið, en fyrir þetta ár frá 1. ágúst til 31. desbr. 40 sk.

Eins og þér, herra landshöfðingi, hafið gjört ráð fyrir, skal þar að auki hafa deildina A. til þess að þinglýsa þeim lagaþóðum, sem hún hefir inni að halda. Exemplör þau af deildinni A., sem með þarf til þessa, — en ætlazt er til að til útbýtingar kauplaust gangi hér um bil 425, til áskrifanda hér um bil 200 og til þinglýsingar hér um bil 175 exemplör — verða send yður hëðan til frekari ráðstöfunar, og mælumst vèr til, að þér sendið stjórnarráðinu nokkur exemplör af deildinni B.

Fyrir ritstjórn á deildinni B. megið þér greiða hlutaðeiganda 10 rd. fyrir örkina, allt að 150 rd. á ári, og 50 rd. árlega í þóknun fyrir útbýtingu og fyrir fjárheimtu og reikningastörf við báðar deildirnar; þar að auki megið þér verja allt að 150 rd. á ári til ritlauna fyrir landshagsskýrslur þær, sem getið var að framan, og má borga öll þessi útgjöld og kostnaðinn að öðru leyti við prentun og til pappírs, og við að senda tíðindin með póstum, — en stjórnarráðið hefir talið útgjöld þessi samkvæmt áætlun yðar í fyrnefndu bréfi yðar — úr jarðabókarsjóði Íslands, að frá dregnu gjaldi áskrifanda, þannig að upphæðin fyrir yfirstandandi ár samkvæmt fyrnefndum konungsúrskurði verði talin til útgjalda samkvæmt 6. gr. áætlunarinnar.

18. júlí.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrktarsjóð Örum og Wulffs.

Um leið og vèr skýrum yður, herra landshöfðingi, frá, að